

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjallabyggðar, nr. 490/2025.

1. gr.

5. tl. D-liðar 47. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Barnaverndarþjónusta á Norðurlandi eystra. Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra, sbr. auglýsingu nr. 380/2026, fer Akureyrarbær með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt skv. 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sem ekki eru falin öðrum.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Fjallabyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 7. maí 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 22. maí 2026